

## **Frumvarp til laga um**

breyting á lögum um háskóla nr. 63/2006.

(Lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011-2012)

### **1. gr.**

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr:

a. Í niðurlagi 3. málsl. í 1. mgr. bætist við eftirfarandi: með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi.

b. Í stað orðsins „vísindalegra“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur „fræðilegra“.

c. Á eftir 1. málslið í 2. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: „Háskóli undirbýr nemendur til ábyrgrar þátttöku í lýðræðissamfélagi.“

d. 3. mgr. orðast svo: „Háskólar ráða skipulagi starfsemi sinnar og ákveða hvernig henni er best fyrir komið til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag, fyrir nemendur og fyrir framþróun vísinda og fræða.“

### **2. gr.**

Á eftir 2. gr. kemur ný grein, 2 gr. a, svohljóðandi:

Háskólum er skylt að virða fræðilegt sjálfstæði starfsmanna sinna. Fræðilegt sjálfstæði starfsmanna felur í sér rétt þeirra til að fjalla um kennslugrein sína á þann hátt sem þeir telja skynsamlegt og í samræmi við fræðilegar kröfur. Fræðilegt sjálfstæði dregur ekki úr ábyrgð starfsmanna á að fara að almennum starfsreglum og siðareglum viðkomandi háskóla. Viðfangsefni rannsókna og kennslu á einstökum fræðasviðum háskóla skulu vera óháð afskiptum þeirra sem eiga skólann eða leggja honum til fé.

Háskólar skulu setja sér siðareglur m.a. um réttindi og skyldur starfsmanna skv. 1. mgr.

### **3. gr.**

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr:

a. Orðið hlutafélag í 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. fellur brott.

b. Á eftir lokamásl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Háskóli skal ekki rekinn með fjárhagslegan ágóða að markmiði.

c. Á eftir orðinu „þekkingu“ í h-lið kemur: „leikni og“.

d. Orðin „og færni“ í h-lið 3. mgr. falla brott.

e. Við 4. mgr. bætist: „og undirflokkar þeirra“.

f. Við 8. mgr. bætist nýr málsl., svohljóðandi: „Engri stofnun er heimilt að starfa á Íslandi undir heitinu háskóli nema hafa hlotið viðurkenningu ráðherra“.

#### **4. gr.**

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr.

a. Á eftir orðinu „þekkingu“ í 2. málsl. kemur: „leikni og“.

b. Orðin „og færni“ í 2. málsl. falla brott.

c. Lokamálsliður greinarinnar fellur brott.

#### **5. gr.**

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr.

a. Við 1. málsl. 2. mgr. bætist: „og undirflokkum þeirra“.

b. Fyrri málsl. 3. mgr. fellur brott.

c. 5. mgr. fellur brott.

#### **6.gr.**

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr.

a. Síðari hluti 2. mgr. sem byrjar á orðunum „birta upplýsingar“ fellur brott.

b. Á eftir orðunum skal háskóli í 2. mgr. kemur: „afla staðfestingar ráðuneytis á því að námið uppfylli viðmið um æðri menntun og prófgráður skv. 5. gr.“

#### **7.gr.**

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr.

a. Við 1. málsl. bætist: „og námsleiða“.

b. Á eftir lokamásl. greinarinnar bætist við nýr málsliður, svohljóðandi: „Með þeim hætti skulu háskólar á Íslandi leitast við að vinna saman til að nýta sem best opinberar fjárveitingar og styrkja stöðu sína á alþjóðlegum vettvangi.“

#### **8.gr.**

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr.

- a. Á undan orðinu „háskólum“ í 1. máls. kemur: „viðurkenndum“.
- b. Á eftir orðinu „háskólum „í 1. másl. kemur: „og rannsóknarstofnunum“.
- c. Á eftir orðunum „háskólum heimilt“ í 2. másl. kemur: „í undantekningartilvikum“.
- d. Í stað orðsins „nám“ í 2. másl. kemur „námskeið“.

### **9.gr.**

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr.

- a. Í stað orðsins „umsýsla“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: „umsjón“.
- b. Nýr málsliður bætist við 1. mgr. svohljóðandi: „Ráðherra er heimilt að setja reglur um fyrirkomulag ytra mats á háskólum.“

### **10.gr.**

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr.

- a. Eftir 1. másl. 1. mgr. kemur nýr málsliður svohljóðandi: Þar skal gert ráð fyrir setu fulltrúa starfsmanna og nemenda í stjórn eða háskólaráði og í þeim stjórnunareiningum þar sem fjallað er um kennslu og rannsóknir.
- b. Síðari hluti 2. másl. 1. mgr. sem byrjar á orðunum nema annað fellur brott.
- c. Á eftir 2. másl. koma fjórir nýjir málsliðir, svohljóðandi: „Rektor er formaður háskólaráðs og stýrir fundum ráðsins. Hann skal uppfylla kröfur 1. mgr. 18. gr. laganna til að bera starfsheitið dósent eða prófessor í einu eða fleirum viðurkenndum fræðasviðum viðkomandi háskóla.“

### **11. gr.**

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr.

- a. Á undan orðinu „vettvangur“ í 2. másl. kemur: „ráðgefandi“.
- b. Orðin „fyrir umræðu“ í 2. másl. falla brott.
- c. Í stað orðsins „akademíska“ í 2. másl. kemur: „fræðilega“.

### **12.gr.**

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr.

- a. Á undan orðinu „starfsheiti“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: „framangreind“.
- b. Orðin „skv. 17. gr.“ í 2. másl. 1. mgr. falla brott.
- c. Orðin „hið minnsta“ í 2. másl. 1. mgr. falla brott.
- d. Í stað orðsins meistaraprófi í 2. másl. 1. mgr. og 1. másl. 2. mgr. kemur: doktorsprófi.
- e. Í stað orðanna „jafngildu námi“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: „aflað sér jafngilddrar þekkingar og reynslu“.
- f. Síðari hluti 1. másl. 2. mgr. sem byrjar á orðunum „og skal formaður“ fellur brott.

### **13. gr.**

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr.

- a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsg. svohljóðandi: Í reglugerð sem ráðherra gefur út er heimilt að mæla fyrir um samræmt fyrirkomulag innritunar á landsvísu, meðferð umsókna og auglýsingu umsóknarfrests um skólavist í háskólum.
- b. Við 3. mgr. bætist nýr másl. svohljóðandi: Ráðherra er heimilt að gefa út reglur um aðfaranám í háskólum.

### **14. gr.**

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr.

- a. Í 2. mgr. fellur brott stafliðurinn e og efni hans.
- b. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsg., svohljóðandi: Ráðherra er heimilt að fela einstökum háskólum að sinna kennslu eða rannsóknum á ákveðnum afmörkuðum sviðum.

### **15.gr.**

Í stað 1. másl. 24. gr. kemur nýr máslíður, svohljóðandi: Hver háskóli skal birta opinberlega lista yfir prófgráður sem eru í boði hverju sinni.

### **16.gr.**

Við 25. gr. bætast þrjú nýir máslíðir svohljóðandi: Háskóla er skylt að láta ráðuneytinu í té allar þær upplýsingar og gögn sem það þarfnast vegna eftirlits með starfsemi hans og fjármálum. Um skjöl

háskóla fer að lögum um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985 með síðari breytingum. Ef starfsemi háskóla er lögð niður eða færð undir aðra stofnun skulu skjöl hans færð til Þjóðskjalasafns.

#### **17. gr.**

Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 3., 4., 5., 7., 11., 13., 14., 20., 21., 22. og 26. gr. laganna kemur: ráðherra. Í stað orðsins menntamálaráðuneyti í 2., 3., 19., 21., 24. og 26. gr. laganna kemur: ráðuneyti.

#### **18.gr.**

Gildistaka

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Ákvæði d-liðar 18. gr. laganna eiga aðeins við um þá starfsmenn skv. þessari grein, sem ráðnir eru eftir gildistöku laga þessara.

### **ATHUGASEMDIR VIÐ LAGAFRUMVARP ÞETTA**

#### **I. Inngangur**

Tilfni frumvarps þessa til breytinga á lögum nr. 63/2006 um háskóla eru m.a. ábendingar úr skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og skýrslu þingmannanefndar, sem skipuð var í framhaldi af fyrri skýrslunni. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis eru ábendingar til fræðasamfélagsins um hlutverk háskóla, ábyrgð starfsmanna og um almenna þátttöku í samfélagsumræðunni. Jafnframt koma fram ábendingar til fræðasamfélagsins í skýrslu þingmannanefndarinnar um að fræðasamfélagið verði að taka alvarlega þá gagnrýni sem fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Þar er bent á að endurskoða þurfi ákvæði laga um háskóla og laga um opinbera háskóla, einkum með tilliti til fjárhags skólanna, stöðu og hlutverks starfsmanna þeirra í þeim tilgangi að tryggja betur frelsi háskólasamfélagsins og fræðilega hlutlægni. Auk þess segir að hvetja þurfi háskólamenn á öllum

fræðasviðum til að taka þátt í opinberri umræðu og styrkja með því tengsl fræðasamfélagsins, atvinnulífsins og hins almenna borgara. Nauðsynlegt sé að efla siðfræðilega menntun allra fagstétta á Íslandi og umræðu um gildi siðareglna. M.a. á grundvelli þessara ábendinga ákvað mennta- og menningarmálaráðherra að endurskoða framangreind lög.

Leitað var eftir sérfræðiráðgjöf frá Rannsóknastofu háskóla við skilgreiningu á hlutverki og stjórnskipan háskóla. Áhersla var lögð á spurningar um hvernig beri að skilgreina fræðilegt og samfélagslegt hlutverk þeirra, hvort munur eigi að vera á hlutverki opinberra háskóla og sjálfstætt starfandi háskóla og hvort eðlilegt sé að hafa nánari útfærslu á því í lögum hvernig beri að rækja þessi hlutverk.

Ráðuneytið óskaði eftir að fá tillögur Rannsóknastofunnar um hvernig beri að skýra þessi ákvæði í lögnum um hlutverk háskóla þannig að tryggt sé að þeir gangist við ábyrgðarhlutverki sínu og betur sé hægt að framfylgja lögum. Í háskólalögum nágrannalandanna má í flestum tilvikum finna nákvæmar skilgreiningar á umræddum hlutverkum.

Mikill munur er á skilgreindri stjórnskipan í lögum um opinbera háskóla annars vegar og lögum um háskóla hins vegar. Spurningar hafa vaknað um hvort eðlilegt sé að gera slíkan greinarmun sem byggist á rekstrarformi skóla. Í lögum um háskóla er ekki gert ráð fyrir neinum fulltrúa úr háskólasamfélagi í háskólaráð viðkomandi skóla, hversu langur skipunartími skuli vera eða hver sé munurinn á hlutverki háskólaráðs og háskólafundar svo dæmi séu tekin. Í framangreindum lögum er hins vegar tekið fram að háskólaráð ákveði nánar hlutverk og fyrirkomulag háskólafundar og að tryggja þurfi að starfsfólk skólans komi að háskólafundunum. Því má segja að vald og vægi háskólafundar sé mismunandi eftir vilja viðkomandi háskólaráðs. Spurningar hafa vaknað um hvort þetta fyrirkomulag tryggi nægilega lýðræðislega aðkomu að stjórn skólans.

Greinargerð Rannsóknastofunnar barst ráðuneytinu þann 12. desember 2010 og var hún að hluta lögð til grundvallar við breytingar á nokkrum greinum frumvarps þessa, einkum er varðar hlutverk og stjórnskipan háskóla.

## II. Meginefni frumvarpsins

1. *Hlutverk háskóla og fræðilegt sjálfstæði [akademískt frelsi].* Framangreindar ábendingar fela í sér að skerpa á því hlutverki háskóla að styrkja innviði íslensks samfélags og undirbúa nemendur til þátttöku í lýðræðislegu samfélagi. Að sama skapi er sjálfstæði háskóla styrkt og ábyrgð þeirra á starfsemi sinni dregin með skýrari hætti fram. Nýmæli í frumvarpinu eru ákvæði um fræðilegt sjálfstæði háskólakennara, sem ætlað er að tryggja að þeir hafi sjálfstæði og frelsi til að fjalla um kennslugrein sína á þann hátt sem þeir telja skynsamlegt, án afskipta utanaðkomandi aðila. Þar segir að einnig að viðfangsefni rannsókna og kennslu á vegum háskóla skuli vera óháð afskiptum þeirra sem eiga skólann eða veita honum fé.

2. *Stjórnun háskóla, þátttaka nemenda og starfsfólks.* Með breytingum á stjórnun háskóla er markmiðið að efla lýðræðislegt stjórnunarfyrirkomulag þeirra óháð rekstrarformi. Þá er skerpt er á ákvæðum um aðgang nemenda og kennara að stjórnunareiningum skólanna. Gert er ráð fyrir að í stofnskjölum háskóla, sem reknir eru sem sjálfseignastofnanir eða hlutafélög, sé kveðið á um setu fulltrúa starfsmanna og nemenda í stjórn eða háskólaráði og í þeim stjórnunareiningum þar sem fjallað er um kennslu og rannsóknir.

3. *Aðrar breytingar.* Aðrar breytingar snerta einkum eftirfarandi þætti: Í frumvarpinu er skýrt kveðið á um að einungis viðurkenndir háskólar mega bera heitið „háskóli“. Jafnframt er tekið fram að ekki sé heimilt að reka háskóla með ágóða að markmiði. Þau nýmæli eru í frumvarpinu að kennarar við háskóla skuli hafa doktorspróf eða sambærilega menntun. Í frumvarpinu er jafnframt opnað fyrir það að ráðherra geti í samningum falið einstaka háskólum að sinna kennslu eða rannsóknum á ákveðnum afmörkuðum sviðum. Setja á reglur um ytra mat á háskólum og um aðfaranám sem háskólar bera ábyrgð á.

Engin ákvæði frumvarpsins stangast á við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.

### III. Samráð

Mennta- og menningarmálaráðherra setti upp drög að frumvarpinu í óformlegu samráði við Samstarfsnefnd háskólastigsins, sem skipað er rektorum allra háskólanna. Óskað var eftir athugasemdum háskólanna við frumvarpsdrög ráðuneytisins og urðu þeir allir við því. Farið var yfir athugasemdirnar á tveimur fundum samstarfsnefndar og ráðherra í nóvember og desember 2010. Eftir að frumvarpið hafði verið endurskoðað í ljósi athugasemda háskólanna var það að nýju lagt fyrir samstarfsnefndina á fundi með ráðherra og var enn fremur óskað eftir skriflegum athugasemdum þeirra. Að fengnum athugasemdum var enn fjallað um þær á fundi samstarfsnefndar og ráðherra í mars 2011. Í framhaldi voru unnin lokadrög í ráðuneytinu.

### IV. Mat á áhrifum

Telja má að samþykkt frumvarpsins leiði til skarpari skilnings á hlutverki háskóla í samfélagi nútímans þar sem lýðræði er haft að leiðarljósi. Háskólar fá með skýrari hætti sjálfstæði sitt staðfest gagnvart eigendum sínum og starfsmönnum skólanna er tryggt fræðilegt sjálfstæði. Stefnan er að tryggja bein áhrif starfsmanna og nemenda í innra starfi skólanna. Að öðru leyti er vísað til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

### Um 1. gr.

Hér er hlutverk háskóla skilgreint. Samkvæmt 1. mgr. skal starf háskóla styrkja innviði íslensks samfélags og stöðu þess í alþjóðlegu tilliti með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi. Með því að orða ákvæðið með þessum hætti er óbeint vísað í hugmyndina um sjálfbæra þróun (sbr. með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi). Fræðileg hugsun horfir í eðli sínu til langs tíma og háskólar eiga að skapa þekkingu sem nýtast á komandi kynslóðum. Hér er jafnframt fjallað um að háskólar undirbúi nemendur til ábyrgrar þátttöku í lýðræðissamfélagi. Í því samhengi má benda á að ábyrgð fræðimanna hefur farið sívaxandi eftir því sem samfélagið hefur orðið háðara fræðilegum og tæknilegum lausnum á lífsverkefnum manna og þjóða. Þess vegna er nauðsynlegt að tryggja að háskólanemar öðlist þekkingu á þeim siðferðilegu álitamálum sem tengjast fræðunum sem þeir leggja stund á um leið og þeir læra að axla þá ábyrgð sem því fylgir að búa í lýðræðissamfélagi. Að lokum er sjálfstæði háskóla ítrekað með þeim hætti að þeir eigi að ráða skipulagi starfsemi sinnar og ákveða hvernig henni er best fyrir komið til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag, nemendur og framþróun vísinda og fræða. Hér er átt

við að öðru leyti en því sem kveðið er á um í lögum, reglum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum sem veitt eru á grundvelli þeirra.

#### Um 2. gr.

Greinin er nýmæli. Í henni er kveðið á um fræðilegt sjálfstæði, sem öllum fræðimönnum ber saman um að sé ein mikilvægasta forsendan fyrir framgangi vísinda og fræða og starfrækslu háskóla. Fræðilegt sjálfstæði felur í sér rétt starfsmanna til að fjalla um kennslugrein sína á þann hátt sem þeir telja skynsamlegt og í samræmi við fræðilegar kröfur. Allar kennslugreinar afmarkast af viðurkenndum fræðasviðum. Hugtakið rúmar einnig þá þætti sem felast í almennum skilningi á „akademísku frelsi“, sem vísar til þess að frá sjónarhóli fræðimannsins nýtur hann þess frelsis að haga rannsóknum sínum eins og hann sjálfur kys. Fræðilegt sjálfstæði háskólamanna á þó ekki að draga úr ábyrgð þeirra á að fara að almennum starfsreglum og siðareglum stofnunar þeirra. Gengið er út frá því að viðfangsefni rannsókna og kennslu á einstökum fræðasviðum háskóla skuli vera óháðar afskiptum þeirra sem eiga skólann eða veita honum fé. Að lokum er gert ráð fyrir að háskólar setji sér siðareglur þar sem framangreind ákvæði eru frekar útfærð.

#### Um 3. gr.

Lagt er til að í lýsingu á mögulegu rekstrarformi háskóla falli niður orðið „hlutafélag“. Þrátt fyrir það ber ekki að líta svo á að bann sé lagt við því rekstrarformi sérstaklega, enda er lagt til að síðari hluti fyrri málsliðar 1. mgr. 3. gr. laganna haldist óbreyttur, þ.e. að heimilt sé að reka háskóla samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi en sem ríkisstofnun eða sjálfseignarstofnun. Ekki er talin ástæða til að tilgreina hlutafélagiformið sérstaklega sem rekstrarform háskóla þar sem það er ekki tíðkanlegt í alþjóðlegu samhengi og samrýmist illa því markmiði að háskólar skuli ekki reknir í ágóðaskyni.

Nýmæli er að tekið sé fram að óheimilt sé að reka háskóla með fjárhagslegan ágóða að markmiði. Tilgangur þessarar breytingar er að tryggja að eigendur sjálfstætt starfandi háskóla, sem hljóta fjárframlög úr ríkissjóði, láti hugsanlegan rekstrarafgang af starfsemi renna til uppbyggingar skólastarfsins, en greiði ekki út arð af starfsemi. Um rekstur háskóla í formi sjálfseignarstofnunar fer eftir lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, nr. 33/1993. Samkvæmt a-lið 33. gr. þeirra laga verður hagnaði sjálfseignarstofnunar samkvæmt samþykktum ársreikningi aðeins ráðstafað í bundin framlög til sjóð viðkomandi stofnunar eða til annarra þarfa. Eitt af meginmarkmiðum hlutafélaga og einkahlutafélaga er hins vegar að afla hluthöfum fjárhagslegs ávinnings, nema annað sé ákveðið í samþykktum, sbr. 7. gr. laga nr. 138/1994 og 9. gr. laga nr. 2/1995. Af þeim sjálfstætt starfandi háskólum sem hlotið hafa viðurkenningu ráðuneytisins er aðeins einn sem er rekinn í hlutafélagiformi. Í samþykktum þess hlutafélags sem rekur skólann er sérstaklega tilgreint að hlutverk félagsins sé ekki að afla hluthöfum þess fjárhagslegs ávinnings af rekstri. Samkvæmt þessu er því ekki gert ráð fyrir að lagabreytingin hafi nein áhrif á starfsemi sjálfstætt starfandi háskóla. Rétt þykir að taka fram að með hinum nýja málslið 1. mgr. 3. gr. laganna er ekki girt fyrir eignaraðild háskóla að fyrirtækjum á sviði nýsköpunar, vísinda og kennslu, sem kann að vera ætlað að afla hluthöfum fjárhagslegs ávinnings. Þá er með ákvæðinu ekki lagt bann við að tiltekinn hluti af starfsemi háskóla, t.d. endurmenntun, þjónusta og ráðgjöf við atvinnulíf, afli tekna á öðrum forsendum en hin eiginlega kennslu- og rannsóknarstarfsemi. Fjárreiðum af slíkri starfsemi kann þó að vera skylt að halda aðgreindri frá þeim starfseiningum háskóla sem njóta opinberra fjárframlaga vegna kennslu og rannsókna.



Lagt er til að orðið „færni“ falli út í h. lið 3. mgr. 3. gr. laganna og í þess stað komi „leikni“. Vísað er um þýðingu þessarar breytingar til skýringa við 4. gr. frumvarpsins.

Lögð er til breyting á 8. mgr. 3. mgr. 3. gr. laganna sem kveður á um að engri stofnun sé heimilt að starfa á Íslandi undir heitinu „háskóli“ nema hafa hlotið viðurkenningu ráðherra. Í þessu felst breyting þar sem heitið „háskóli“ hefur ekki verið lögverndað í þeim skilningi að þær skólar einir sem hlotið hafa viðurkenningu skv. lögum nr. 63/2006. Verði þessi frumvarpið að lögum verður þó skólum áfram heimilt að tilgreina að tiltekið nám sé „á háskólastigi“ eins og tíðkast hefur t.d. hjá tónlistarskólum sem bjóða upp á viðbótarnám að loknu framhaldsprófi skv. aðalnámskrá tónlistarskóla..

#### Um 4. gr.

Hér er fellt niður orðið „færni“ og í stað þess kemur: leikni. Breytingin er gerð til samræmis við skilgreiningar á hæfniviðmiðum á öðrum skólastigum og í samræmi við endurskoðun á „Viðmiðum um æðri menntun og prófgráður“ sem er á lokastigi. Í lokamálslið fellur niður málsliður þess efnis að birta skuli viðmiðin á íslensku og ensku enda talið óþarfi að tilgreina það sérstaklega. Viðmiðin verða gefin út á íslensku og síðan þýdd yfir á önnur tungumál eftir því sem við á.

#### Um 5. gr.

Breytingin er til samræmis við reglugerð um viðurkenningu háskóla nr.1067/2007. Þar eru viðurkenningar á háskólum bundnar við fræðasvið og undirflokka þeirra. Fyrsti málsliður 3. mgr. fellur niður og einnig lokamálsliður sömu greinar. Um er að ræða að fella niður undantekningar um námseiningafjölda og heimild ráðherra til að veita doktorsgráðu án þess að byggt sé á stöðluðum einingum. Ekki er talið viðeigandi að vera með slíkar undantekningar, enda hafa þær hvorki verið nýttar af háskólunum né ráðherra hingað til.

#### Um 6.gr.

Breytingin felst í þeirri viðbót að háskólar kynni ráðuneytinu fyrirhugaðar námsleiðir og fái staðfestingu þess á því að þær uppfylli viðmið um æðri menntun og prófgráður skv. 5.gr. laganna.

#### Um 7.gr.

Breytingin felst í því að í lok fyrstu málsgreinar bætist við hugtakið: námsleið. Hér er verið að ýta undir frekara samstarf háskóla á sambærilegum námsleiðum og tryggja rétt nemenda til að fá sitt nám viðurkennt milli íslenskra háskóla.

Jafnframt er kveðið á um að nýr málsliður bætist við 1. málslið 9. gr. laganna þar sem lögð er aukin áhersla á mikilvægi þess að háskólar á Íslandi vinni betur saman, enda njóta þeir allir opinberra fjárframlaga. Gert er ráð fyrir að samstarf þeirra styrki stöðu íslenskrar háskólamenntunar í alþjóðlegu samhengi og verði til þess að opinberar fjárveitingar nýtist betur.

#### Um 8.gr.

Um er að ræða breytingu á 1. málslið 10. gr. laganna þess efnis að í stað heimildar háskóla til að meta nám allra annarra háskóla þá verði heimildin bundin því að námið sé veitt af viðurkenndum háskóla eða rannsóknarstofnun. Ætlunin er að háskólar geti viðurkennt nám frá öðrum háskólum og rannsóknastofnunum, sem viðurkenndar eru á Íslandi eða erlendis. Önnur breyting á greininni felur í

sér að gert er ráð fyrir að háskólar viðurkenni námskeið en ekki heildstætt nám frá öðrum skólum en þeim sem viðurkenndir eru. Er þetta ákvæði sett inn til að tryggja gæði háskólamenntunar.

#### Um 9.gr.

Lagt er til að orðið „umsýsla“ í 14. gr. laganna verði fellt niður og í stað þess komi „umsjón“, sem talið er betur viðeigandi í þessu samhengi. Önnur breyting á greininni felur í sér að ráðherra fær heimild til að setja reglur um fyrirkomulag ytra mats á háskólum vegna breytinga, sem orðið hafa í þeim efnunum á undangengnum árum. Stefnt er að því að setja reglur um Gæðaráð háskólanna sem var stofnaði í lok árs 2010 og er rekið af Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís).

#### Um 10.gr.

Hér er lögð til viðbót við 2. málslíð 15. gr. laganna þess efnis að starfsmenn við kennslu og rannsóknir og nemendur skuli ávallt eiga fulltrúa í háskólaráði og í þeim stjórnunareiningum þar sem fjallað er um nám og kennslu. Breytingin er til að fylgja eftir ábendingum um mikilvægi þess að nemendur og starfsmenn komi að stjórnun háskólanna. Með þeim hætti geta nemendur og starfólk háskóla tekið þátt í ákvörðunum um kennslu- og rannsóknamálefni í sem flestum stjórnunareiningum skólanna. Gert er ráð fyrir að ákvæðið verði nánar útfært í lögum, skipulagsskrám eða samþykktum háskóla.

Lagt er til að mælt verði fyrir um leiðtogahlutverk rektors í háskólaráði og hæfisskilyrði fyrir að gegna því embætti (hæfi til að gegna dósent- eða prófessorsstöðu).

#### Um 11. gr.

Í greininni er kveðið á um hlutverk háskólafundar og felst breytingin í því að í stað þess að vera „vettvangur fyrir umræðu um fagleg málefni...“ þá verði hann „ráðgefandi vettvangur um fagleg málefni...“ Með þessu móti er hlutverk háskólafundar brýnt frekar en í gildandi lögum og honum gefið ákveðið hlutverk í stjórn og stefnumótun skólans.

#### Um 12.gr.

Meginefni breytinga á 18. gr. laganna felast í að starfsmenn háskóla við kennslu og rannsóknir hafi lokið doktorsprófi eða hafi jafngilda þekkingu og reynslu á sínu fræðasviði. Sama á við um þá sem sitja í dómeftendum. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að viðkomandi starfsmenn hafi lokið meistaranámi hið minnsta. Í greininni er viðhaldið ákvæði um jafngilda þekkingu og reynslu sem oft á við, t.d. í listum eða öðrum sambærilegum fræðasviðum og er mikilvægt að það sé áfram til staðar. Í þeim nágrannaríkjum okkar, sem oftast eru höfð til samanburðar, er doktorspróf í flestum tilvikum forsenda fyrir ráðningu í akademísk störf. Þessari breytingu er ætlað að tryggja gæði kennslu og rannsókna í háskólum.

Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að ákvæðið eigi aðeins við þá starfsmenn sem ráðnir eru eftir lögfestingu frumvarpsins enda þykir sýnt að miðað við aðstæður um þessar mundir gætu skólarnir ekki mannað allar stöður ef ákvæðið gilti um núverandi starfsmenn þeirra.

#### Um 13. gr.

Nýmæli er í greininni að ráðherra sé heimilt að mæla fyrir um samræmt fyrirkomulag innritunar á landsvísu, meðferð umsókna og auglýsingu umsóknarfrests um skólavist í háskólum. Þetta er í

samræmi við stefnu um samstarf háskóla, svokallað háskólanet, sem unnið er að og er ætlað að auðvelda stúdentum skráningu í nám og spara fjármuni.

Hér er ráðgert að í 3. mgr. 19. gr. laganna komi heimild fyrir ráðherra að gefa út reglur um aðfaranám í háskólum. Sumir háskólar hafa til langs tíma rekið aðfaranám eða svokallað „frumgreinanám“ fyrir þá nemendur sem þurfa frekari undirbúning til að fá inngöngu í háskóla. Þar sem um er að ræða framhaldsskólanám er talið viðeigandi að settur verði ákveðinn rammi um námið, þar sem fram kemur á hvaða skólastigi námið er og að farið sé eftir viðmiðum um framhaldsskólanám, t.d. um viðurkennda námsskrá og einingar.

#### Um 14. gr.

Lögð er til sú breyting á 21. gr. að felldur er niður staflíður e þess efnis að fjárframlög og greiðslur úr ríkissjóði fyrir nám sem skilgreint er sem sí- og endurmenntun, skuli vera m.a. efni samninga við háskóla. Þetta ákvæði er talið ónauðsynlegt sökum þess að það er á ábyrgð skólanna hvernig gjaldtöku þeirri er háttað og að auki er það skilgreint í lögum um opinberu háskólana. Þá er einnig ráðgert nýtt ákvæði um að ráðherra sé heimilt að fela einstökum háskólum að sinna kennslu eða rannsóknum á ákveðnum, afmörkuðum sviðum. Heimildin byggist á því að hún verði nýtt til þess að tryggja að háskólastarfsemi eigi sér stað í greinum sem hafa sérstaka þýðingu fyrir íslenskt skólasamfélag. Jafnframt veitir það ráðherra heimild til að skipta kennslu og rannsóknum milli háskóla, eftir styrkleika þeirra.

#### Um 15. gr.

Breytingarnar fela í sér að felldur er niður fyrsti málslíður 24. gr. laganna þess efnis að mennta- og menningarmálaráðuneyti haldi skrá um þær prófgráður, sem í boði eru í viðurkenndum háskólum. Þess í stað er ráðgert að háskólar sjái um að birta prófgráðulista hverju sinni. Breytingin miðar að því að prófgráðulistar háskóla séu ætíð uppfærðir. Ráðgert er að hægt verði að nálgast listana með tenglum á heimsíðu ráðuneytisins.

#### Um 16. gr.

Hér er lagt til að við 25. gr. laganna bætist nýir málslíðir. Í þeim fyrri er kveðið á um að háskólum sé skylt að láta ráðuneytinu í té allar þær upplýsingar og gögn sem það þarfnast vegna eftirlits með starfsemi þeirra og fjármálum. Til að bæta eftirlit með ráðstöfun opinbers fjár þykir eðlilegt að setja slíkt ákvæði í lög um háskóla því þeir þiggja allir fjárframlög úr ríkissjóði. Ekki er talið að þetta ákvæði sé þyngjandi enda umrædd gögn fyrirliggjandi í skólunum og þess gætt að meðferð allra gagna sé í samræmi við lög. Í seinni málslíðnum, sem einnig er nýmæli, er kveðið á um að um skjöl háskóla skuli fara að lögum um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985. Þá er þess einnig getið að ef starfsemi háskóla er lögð niður eða færð undir aðra stofnun skuli skjöl skólans færð til Þjóðskjalasafns. Þessi ákvæði eru til að ítreka að ekki skuli fara með skjöl háskóla, sem ekki eru ríkisskólar, einkum um námsframvindu og árangur nemenda, eins og um einkafyrirtæki væri að ræða. Þá eru einnig tekin af tvímæli um afdrif skjala háskóla, sem ekki eru ríkisskólar, séu þeir lagðir niður eða starfsemin sameinuð annarri.

#### Um 17. gr.

Með vísan til samþykktar ríkisstjórnar og frumvarps til nýrra laga um Stjórnarráð Íslands (674. mál á 139. löggjafarþingi) er í frumvarpinu aðeins getið um ráðherra í stað mennta- og

menningarmálaráðherra. Hið sama gildir um nafn mennta- og menningarmálaráðuneytis. sem fellt er brott og í þess stað er aðeins rætt um ráðuneyti.

Um 18. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða

Í ákvæði til bráðabirgða er kveðið á um að einungis þeir kennarar, sem ráðnir verða eftir gildistöku laganna þurfi að lúta ákvæðum d.- liðar 12. gr. frumvarps þessa. Hluti starfsmanna í háskólum á Íslandi um þessar mundir hefur ekki doktorsgráðu og því eðlilegt að þeir séu undanþegnir þessu ákvæði en við nýráðningar komi þeir aðeins til greina sem hafa doktorsgráðu.

## Fylgiskjal I.

### Samanburður á ákvæðum frumvarpsins og gildandi lögum.

#### GILDANDI LÖG

#### BREYTING, VERÐI FRUMVARPIÐ AÐ LÖGUM

##### I. kafli. Gildissvið. Hlutverk háskóla.

###### 2. gr.

